

Þjónustusamningur til eflingar ferðapjónustu í Langesbyggð

**Sveitarfélagið Langesbyggð, kt. 420369-1749 og
Norðurhjar – ferðapjónustusamtök, kt. 530110-1680
gera með sér svohljóðandi samstarfssamning 2023 - 2025.**

Norðurhjar mun í samræmi við samþykktir sínar sinna eftirfarandi verkþáttum til eflingar ferðapjónustu í Langesbyggð:

* Leggja sitt af mörkum til að skapa og byggja upp ímynd svæðisins með tilliti til sérstæðrar náttúru og sveita- og strandmenningar.

* Auka búsetugæði á svæðinu.

Þessum markmiðum hyggjast samtökin ná með því meðal annars að:

* Afla fjár til og standa að verkefnum í kynningar- og markaðsmálum fyrir svæðið í heild.

* Aðstoða við og hvetja til vöruþróunar.

* Stuðla að samvinnu og tengslum meðal ferðapjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila.

Norðurhjar mun veita leiðbeiningar til nýliða í greininni og sinna leiðbeiningum og fræðslustarfi fyrir fyrirtæki. Einnig vinna að markaðs- og kynningarmálum, sinna samstarfsverkefnum og öðrum verkefnum samkvæmt samkomulagi.

Samningur þessi er til þriggja ára og greiðir Langesbyggð vegna þessa kr. 1.500 þúsund árlega til Norðurhjara. Heimilt er að endurskoða hann við hver áramót ef ástæða þykir til. Hægt er að segja samningnum upp fyrir 1. október hvert ár og tekur uppsögnin gildi næstu áramót þar á eftir.

F. h. Norðurhjara

Hannora Gunnarsd.

F. h. Langesbyggðar

Björn Þorsson

**Sveitarstjóri
Langenesbyggðar**